

Til efnahags- og skattanefndar  
Frá tekju- og skattaskrifstofu

**Efni:** Svör við spurningum nefndarinnar vegna máls nr. 200 – um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

1. Óskað er eftir upplýsingum um endurgreiðslur kolefnisgjalds af flugvélaeldsneyti.

Kolefnisgjald af eldsneyti sem selt er í för, flugför eða skip, sem eru með erlendan áfangastað er endurgreitt eftir umsókn söluaðila og úttekt tollvarðar. Er þetta gert vegna skuldbindinga Íslands í loftferðasamningnum. Í flestum, ef ekki öllum, loftferðasamningum hefur Ísland skuldbundið sig til þess að leggja hvorki tolla né vörugjöld eða sambærileg gjöld á eldsneyti eða smurefni sem tekin eru um borð í loftför jafnvel þótt nota eigi hluta eldsneytisins yfir landhelgi Íslands.

Lagagrundvöllur endurgreiðslunnar er tilvísun 4. gr. laga nr. 129/2009, um umhverfis og auðlindaskatta, til tollalaga, nr. 88/2005, en þar segir í 7. tölul. 1. mgr. 7. gr. að endurgreiða skuli toll (og þar með kolefnisgjald) af „vörum sem tollafgreiddar hafa verið hingað til lands en eru síðan seldar ónotaðar til útlanda....“.

2. Óskað er eftir að könnuð verði rökin fyrir því að áfengisgjald var afnumið árið 2000 af áfengi sem selt var í Frihöfninni á Keflavíkurflugvelli í tollfrjálsri verslun.

Í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um álagningu gjalda sem lagt var fram á Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999-2000, voru gerðar breytingar á ýmsum lögum sem kveða á um álagningu gjalda s.s. gjald á áfengi og tóbak. Nánar tiltekið var um að ræða breytingar á ákvæðum tollalaga, laga um vörugjald, laga um gjald af áfengi, laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og laga um virðisaukaskatt. Með breytingum þeim sem lagðar voru til var stefnt að því að kveðið yrði skýrar en nú er á um það í hvaða tilvikum gjöld þau, sem lögð eru á með fyrrgreindum lögum, skuli felld niður eða lækkuð.

Í frumvarpinu var leitast við að setja skýrari lagaákvæði um lækkun og niðurfellingu ýmissa gjalda sem lögð eru á vörur við innflutning þeirra eða framleiðslu innanlands. Í flestum tilvikum var þó ekki um efnislegar breytingar að ræða frá núverandi framkvæmd. Þó voru lagðar til nokkrar efnisbreytingar á gildandi reglum um niðurfellingu gjalda.

Í 13. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 6. gr. laga um gjald af áfengi, en þar er fjallað um niðurfellingu og endurgreiðslu áfengisgjalds. Í a-lið er annars vegar lagt til að innflutningur og sala á áfengi til tollfrjálsra verslana og í tollfrjálsar forðageymslur verði jafnan undanþegin áfengisgjaldi. Samkvæmt gildandi lögum á þeim tíma var fjármálaráðherra heimilt að lækka gjald á áfengi sem flutt er inn eða selt til tollfrjálsra verslana og tollfrjálsra forðageymslna. Eðlilegt þótti að áfengi sem selt er til tollfrjálsra verslana og tollfrjálsra forðageymslna verði jafnan undanþegið gjaldinu og er breyting þessi því lögð til.

Breytingin kemur því inn í lög til frekari skýringar á lögnum og afnumin sú heimild sem fjármálaráðherra hafði um lækkun áfengisgjalds.

3. Óskað er eftir útreikningi miðað við nýja þjóðhagsspá Hagstofunnar. Frumvarpið gerir ráð fyrir 4% gjaldskrárhækkunum skv. verðlagsforsendum fjárlagafrumvarpsins en spá Hagstofunnar gerir ráð fyrir 2,3% hækkun.

Rökin fyrir 4% hækkun svokallaðra krónutölugjalda í ársbyrjun 2011 voru fyrst og fremst þau að færa gjöldin til raunvirðis m.v. spá Hagstofu Íslands um verðbólgu frá upphafi til loka árs 2010. Sú spá hefur breyst og er nú 2,8% (nóvemberspá). Meðalverðbólga milli árána 2010 og 2011 er hins vegar talin verða 2,3%. Væri reiknað með 2,3% gjaldskrárhækkun í stað 4% hækkunar á eftirtöldum gjöldum, almennu og sérstöku bensíngjaldi, olfugjaldi, áfengisgjaldi, tóbaksgjaldi, kílómetragjaldi, gjaldi í framkvæmdasjóð aldraðra og útvarpsgjaldi, yrðu áætlaðar tekjur ríkissjóðs allt að 660 m.kr. lægri samanlagt en reiknað er með í forsendum fjárlagafrumvarps fyrir árið 2011.

4. Óskað er eftir upplýsingum um hversu margir hafi flutt lögheimili sitt erlendis til að komast hjá greiðslu auðlegðarskatts.

Gjaldendur auðlegðarskattsins voru 3.817 talsins, með samtals 3.817 m.kr. í álagðan auðlegðarskatt. Af þeim hafa 31 flutt af landinu það sem af er árinu 2010, eða 0,8% af fjöldanum (með 1,7% af álagðri fjárhæð). Á fyrstu þremur fjórðungum ársins er það mat Hagstofu að 3.530 íslenskir ríkisborgarar hafi flutt til útlanda eða um 1,1% landsmanna í upphafi árs. Brottflytningu-hlutfall þeirra sem greiða eiga auðlegðarskatt er því lægra en það sem gildir fyrir þjóðina í heild. Alls fékk 41 erlendur ríkisborgari álagðan auðlegðarskatt en ekki fylgja með upplýsingar um hvort einhver þeirra sé í hópi brottfluttra.

5. Liggur fyrir lögfræðialit um það hvort auðlegðarskattur/eignarskattur geti talist eignarnám?

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að slíkt álit liggi fyrir. Eignarskattar eiga sér langa sögu á Íslandi og með auðlegðarskattinum er ekki verið að taka upp skatt sem hefur ekki verið lagður á áður. Ráðuneytinu er að auki ekki kunnugt um úrskurði eða dóma er varða efnið.